

## S A M Þ Y K K T

um fjárskipti frá Hvammsfjarðargirðingu í Hrótafjörð að mörkum Torfustaðahreppa, Þorkelshólshrepps og Kirkjuhvammshrepps.

## 1. gr.

Svæði það, sem samþykkt þessi nær til, er: Torfustaðahreppar sunnan mæði-veikisgirðingarinnar á Heggstaðanesi, Staðarhreppur ásamt 4 bæjum í innanverðum Bæjarhreppi.

## 2. gr.

Útrýming alls sauðfjár og geitfjár á svæði þessu skal fara fram haustið 1947, ef unnt er, en annars eins fljótt og við verður komið. Fjárfjöldi á svæðinu var um síðastliðin áramót 7840.

## 3. gr.

Fulltrúaráð fjárskiptanna skipa 9 menn, eða 3 fyrir hvern hrepp, og jafn- margir til vara.

Framkvæmdanefnd skipa 3 menn og aðrir 3 til vara, kosnir af fulltrúaráði.

## 4. gr.

Aðalstörf fjárskiptanefndar eru:

- Að sjá um fullkomna eyðingu hins gamla fjárstofns á sem hagfelldastan hátt;
- að sjá um að einangrun svæðisins sé tryggð eftir þörfum;
- að beita sér fyrir kaupum á ósýktu fé inn á svæðið, og
- að sjá yfirleitt um að allar framkvæmdir séu í sem beztu lagi og í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli.

## 5. gr.

Sameiginlegum kostnaði við fjárkaup, sem ekki greiðist úr ríkissjóði, skal jafna niður á bótaskyldu fé. Annar kostnaður skiptist niður á hreppana í hlutfalli við bótaskylda fjártölu þeirra.

## 6. gr.

Fjárskiptanefnd skal starfa að málefnum fjárskiptasvæðisins í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd og framkvæmdastjóra hennar.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 23. ágúst 1947.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Gunnl. E. Briem.*